

Borgarráð

***Tillaga um að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar annist innri endurskoðun allra eininga innan samstæðu OR***

Stjórn OR hefur nú til umfjöllunar framtíðarfyrirkomulag innri endurskoðunar fyrirtækisins. Óskað hefur verið eftir afstöðu Reykjavíkurborgar til þess að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar annist innri endurskoðun allra eininga innan samstæðu OR. Lagt er til að borgarráð veiti stjórn OR jákvæða umsögn um slíkt fyrirkomulag innri endurskoðunar samstæðu OR.

Greinargerð:

Að undanfögnu hefur stjórn OR haft til skoðunar breytingar á fyrirkomulagi innri endurskoðunar. Niðurstaða stjórnar fyrirtækisins í lok síðasta árs var að leita sjónarmiða eiganda um þá tillögu að fela innri endurskoðun Reykjavíkurborgar að annast innri endurskoðun allra eininga innan samstæðu OR og að ein endurskoðunarnefnd starfi fyrir samstæðuna og einstaka einingar eins og verið hefur. Til þessa hefur einn starfsmaður innri endurskoðunar OR sinnt þessu verkefni en hann hefur nú látið af störfum. Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefur samkvæmt ósk stjórnar OR tekið tímabundið við þessu verkefni.

Helstu rökin fyrir þeirri breytingu að fela innri endurskoðun Reykjavíkurborgar þetta verkefni eru eftirfarandi:

- Taka þarf tillit til heildaráhættu samstæðunnar og áhættu Reykjavíkurborgar sem stærsta eignaraðila og/eða stærsta þátttakanda í byggðasamlögum
- Samræmt verklag innan samstæðunnar tryggir best árangur af starfi innri endurskoðunar og endurskoðunarnefndar
- Veruleg hagræðing er af því að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar annist innri endurskoðun allra eininga innan samstæðunnar.
- Hafa þarf í huga að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar starfar eftir sömu alþjóðlegu stöðlum og önnur fyrirtæki sem geta tekið að sér þjónustu á sviði innri endurskoðunar en kosturinn er sá að borgarfulltrúar sem sitja í fleiri stjórnnum á vegum borgarinnar eiga betur

með að fylgja samræmdum vinnubrögðum.

- Í stærri rekstrareiningum eins og Orkuveitu Reykjavíkur gæti einn eða fleiri starfsmenn innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar haft þar fasta viðveru eftir samkomulagi.

Dagur B. Eggertsson